

varnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Sigurgeirs Sigurjónssonar hrl., kr. 350.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 12. marz 1948.

Nr. 3/1947. **Bæjarstjóri Seyðisfjarðarkaupstaðar f. h. bæjarsjóðs** (Hrl. Lárus Jóhannesson)

gegn

H/f Shell á Íslandi

(Hrl. Gunnar Þorsteinsson).

Endurgreiðsla útsvars.

Dómur hæstaréttar.

Hjálmar Vilhjálmsson, bæjarfógeti á Seyðisfirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 9. janúar f. á., krefst þess aðallega, að hann verði algerlega sýknaður og stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, en til vara, að málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti verði látinn falla niður.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar í hæstarétti.

Tilgreint ákvæði 24. gr. útsvarslaganna er verklagsregla, sem sett er rikisskattanevnd. Brot þessarar reglu veldur ekki ónýti úrskurðar þess, sem rikisskattanevnd kveður upp. En ef skattanevndarmenn skeyta ekki reglunni, án þess að gildar ástæður réttlæti háttarni þeirra, getur það varðað þá viðurlögum sem brot í stjórnsýslu. Samkvæmt þessu ber að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 800.00.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, bæjarstjóri Seyðisfjarðarkaupstaðar f. h.

bæjarsjóðs, greiði stefnda, h/f Shell á Íslandi, kr. 800.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Seyðisfjarðar 11. október 1946.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. þ. m., hefur Hallgrímur Fr. Hallgrímsson, f. h. H/f Shell á Íslandi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 26. f. m. gegn Erlendi Björnssyni, bæjarstjóra á Seyðisfirði, f. h. Seyðisfjarðarkaupstaðar, til endurgreiðslu á kr. 650.00, auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað eftir reikningi eða mati dómara.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar. Til vara krefst stefndi, að vextir verði ekki tildæmdir og til þrautavara, að vextir verði ekki ákveðnir hærri en 3%.

Málavextir eru þeir, að árið 1945 lagði niðurjöfnunarnefnd Seyðisfjarðarkaupstaðar kr. 3650.00 útsvar á starfrækslu h/f Shell á Íslandi á Seyðisfirði, en félagið vildi ekki una þessu og kærði útsvar þetta til lækkunar. Niðurjöfnunarnefndin og yfirkattanefnd Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstaðar úrskurðuðu báðar á þá leið, að útsvarið skyldi standa óbreytt. Loks var útsvarið kært fyrir rikisskattanefnd hinn 8. sept. 1945. Hinn 16. janúar 1946 kvað rikisskattanefnd upp úrskurð um kærana og ákvað að útsvarið skyldi lækka um kr. 650.00. Áður en úrskurður rikisskattanefndar varð kunnur, hafði h/f Shell greitt útsvar sitt, eins og það var upphaflega ákveðið og krafðist síðan endurgreiðslu. Stefndi fékkst hins vegar eigi til að verða við þeirri kröfu. Höfðaði því stefnandi mál þetta og styður kröfur sínar aðallega við 27. gr. laga nr. 66 frá 12. apríl 1945, sbr. einnig 27. gr. laga nr. 106 frá 1936.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að rikisskattanefnd hafi kveðið upp úrskurð sinn að liðnum fresti þeim, sem henni er til þess veittur samkvæmt 24. grein laga nr. 66 frá 1945 um útsvör. Úrskurður rikisskattanefndar sé því fullkomin markleysa.

Samkvæmt vottorði rikisskattanefndar, rskj. nr. 17, var ástæðan til þess, að það dróst fram yfir lögákveðinn tíma að úrskurða téða úrsvarskæru, annrki nefndarinnar.

Í 24. gr. útsvarslaganna segir, að rikisskattanefnd skuli hafa lokið úrskurði eigi síðan en 2 mánuðum eftir að kæra kemur til nefndarinnar. Hvergi er kveðið á um það, hver áhrif það hafi á gildi úrskurðar, ef hann er síðar upp kveðinn en áskilið er í téðri lagagrein.

Lagaákvæðið virðist miða að því að veita nefndinni aðhald um það að úrskurða kærur innan hæfilegs tíma. Verði misbrestur á því, að kærur séu úrskurðaðar innan ákveðins tíma og ekki er því

til að dreifa, að fresta verði úrskurði, t. d. vegna vantandi upplýsinga, vegna veikinda eða annríkis eða af öðrum gildum ástæðum, sýnast nefndarmenn geta bakað sér ábyrgð fyrir vanrækslu í starfi sínu, sbr. XIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940. Umrætt lagaákvæði hefur því gagnlegan tilgang, þótt ekki verði í það lagður sá skilningur, sem stefndi heldur fram, að úrskurðir, sem kveðnir eru upp eftir lok frestsins, séu af þeim sökum einum, markleysa. Virðist þessi skilningur stefnda næsta fráleitur og með öllu andstæður hlutarins eðli. Sýnu fráleitari er þessi röksemd stefnda, ef telja má upplýst, að orsök dráttarins sé annríki nefndarinnar. Leiðir af þessu, að sýknukröfu stefnda verður ekki sinnt.

Varakrafa stefnda og þrautavarakrafa virðast ekki hafa við rök að styðjast, en vextir verða hins vegar, venju samkvæmt, eigi til-dæmdir hærri en fimm af hundraði.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 287.00.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Erlendur Björnsson bæjarstjóri, f. h. Seyðisfjarðar-kaupstaðar, greiði stefnanda, Hallgrími Fr. Hallgrímssyni, f. h. h/f Shell á Íslandi, kr. 650.00, ásamt 5% ársvöxtum frá 26. september 1946 til greiðsludags og kr. 287.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 16. marz 1948.

Nr. 45/1947. **Réttvísín** (Hrl. Eggert Claessen)

gegn

Einari Bjarna Þórarinssyni,

(Hrl. Einar B. Guðmundsson)

Lárusi Guðmundssyni (Hrl. Sigurður Ólason)

og

Hauki Þorsteinssyni

(Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

Skjalafals.

Dómur hæstaréttar.

Ávísanaeyðublöð þau, er ákærðu Einar Bjarni og Lárus tóku úr vörzlu Árna Björnssonar, höfðu þá eigi verið fyllt út að öðru leyti en því, að á flest þeirra hafði verið stimpl-